

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Giljahverfi.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 29. maí 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Giljahverfi.

Breytingin nær til biðskýla Strætisvagna Akureyrar í Merkgili og felur í sér að þeim er komið fyrir á gildandi deiliskipulagi í kjölfar þess að samþykkt var að færa þau vestar.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og var hún grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi íbúðarbyggðar á Eyrarlandsholti.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 29. maí 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir íbúðarbyggð á Eyrarlandsholti.

Breytingin felur í sér að nýrri biðstöð fyrir Strætisvagna Akureyrar er komið fyrir austan við Mýrarveg ásamt því að legu gangstéttar er breytt.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og var hún grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 14. maí 2025.

F.h. Akureyrarbæjar,
Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B deild - Útgáfudagur: 28. maí 2025